

Aðalfundargerð Delta deildar 9.maí 2020

Þar sem ekki var hægt að halda formlegan Aðalfund vorið 2020 fór stjórnarkjör í gegnum síma og tölvupóst. Framkvæmdaráð deildarinnar hittist svo með formlegum og hefðbundnum hætti í Reykholti 9. maí. Niðurstaða atkvæðagreiðslu um nýja stjórn var kynnt á fundinum.

Send verður tilkynning til Landssambandsstjórnarinnar um nýja stjórn í Delta, sem tekur á pappírnum til starfa 1. júlí en í rauninni ekki fyrr en í haust þegar samkomubann verður vonandi liðin tíð:

Jónína Erna Arnardóttir formaður, Halldóra Jónsdóttir 1. varaformaður, Elísabet Jóhannesdóttir meðstjórnandi og Valgerður Janusardóttir ritari.

Sóley Sigurbórsdóttir var skipaður á ný gjaldkeri rekstrarárin 2020-2022 af nýrri stjórn.

Framkvæmdaráð skipa auk stjórnar Jónína Eiríksdóttir fráfarandi formaður og Sóley Sigurbórsdóttir gjaldkeri.

Á fundinum ríkti fögnuður og hlýja. M.a. voru sagðar fréttir af félögum, sem ráðið hafði hringt til. Allar samþykktu tillögu uppstillingarnefndar að nýrri stjórn og höfðu komist vel frá breyttum lífsvenjum í faraldrinum, þakklátar fyrir símtalið. Allar voru minntar á að greiða árgjald samtakanna fyrir 30. júní. Ákveðið var að halda stjórnarfund 20. ágúst næstkomandi og deildarfund viku síðar, 27. ágúst. Við álitum það nægan tíma til að hefja starfið og huga að ráðstefnu haustsins 12. september í Borgarnesi eins og ráðgert hefur verið.

Eitt af þeim verkefnum vorsins, sem við þurftum að fresta með eftirsjá var heimsókn Lambadeildar í sveitasælu Vesturlands. Við hlökkum til að bjóða þær velkomnar á næsta starfsári.

Við óskum nýrri stjórn til hamingju með kjörið og óskum henni velfarnaðar. Við heitum þess að sjálfsögðu að standa vel að baki hennar svo að okkar góði félagsskapur vaxi og dafni um ókomna tíð.

Ingibjörg Kristleifsdóttir hefur flutt búferlum úr Reykholti og býr nú í Reykjavík. Hún biður fyrir góðar kveðjur og hefur kosið að kveðja samtökin að sinni. Við sendum henni saknaðarkveðjur og þakklæti fyrir gleði og ánægju, sem hún geislar af og miðlar okkur.

Með þakklæti til ykkar allra kæru félagskonur bið ég þess að sumarið verði ykkur öllum farsælt og að við hittumst kátar og hressar á hausti sem kemur.

Fundarritari

Jónína Eiríksdóttir fráfarandi formaður.